

Reyðarál hf.
Geir A. Gunnlaugsson
Síðumúla 28
108 REYKJAVÍK

2000050057
7300; 9310

Reykjavík, 9. ágúst 2000
/--

Efni: Matsáætlun álvers á Reyðarfirði, Fjarðabyggð

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Reyðaráls hf. að matsáætlun um álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Reyðaráls hf. dags. 7. júlí 2000 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun um álver í Reyðarfirði:

Reyðarál hf, Hönnun hf verkfræðistofa og VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf: Álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. 1. áfangi: 240.000-280.000 tonn á ári. 2. áfangi: 360.000-420.000 tonn á ári. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. 7. júlí 2000.

Skipulagsstofnun kynnti tillögu framkvæmdaraðila eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Fjarðabyggð, Austur-Héraði, Norður-Héraði, Náttúruvernd ríkisins, Byggðastofnun, Ferðamálaráði Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Hollustuvernd ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Siglingastofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, veiðimálastjóra, Veiðistjóraembættinu, Þjóðhagsstofnun og Þjóðminjasafni Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Fjarðabyggð með bréfi dags. 20. júlí 2000, Austur-Héraði með bréfi dags. 1. ágúst 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 21. júlí 2000, Byggðastofnun með bréfi dags. 13. júlí 2000, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 14. júlí 2000, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 24. júlí 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 28. júlí 2000, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 25. júlí 2000, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 18. júlí 2000, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 21. júlí 2000, Vegagerðinni með bréfi dags. 20. júlí 2000, veiðimálastjóra með bréfi dags. 13. júlí 2000, Veiðistjóraembættinu með bréfi dags. 19. júlí 2000, Þjóðhagsstofnun með bréfi dags. 17. júlí 2000, Hjörleifi Guttormssyni þann 24. júlí

2000, Kolbrúnu Halldórsdóttur þann 2. ágúst 2000, Landvernd þann 31. júlí 2000 og Tómasi Gunnarssyni þann 18. júlí 2000. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar Reyðaráls hf í kjölfar umsagna Hafrannsóknarstofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 3. ágúst 2000.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan:

Samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum skal í matsáætlun lýsa framkvæmd, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma. Þar skal gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis verður lögð áhersla, upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Samkvæmt 9. gr. laganna skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun.

Framkvæmd

Lýsing framkvæmdar

Fjallað er um framkvæmd og henni lýst í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í 1. kafla og köflum 2.1, 4.1, 4.3 og 4.9.

Í kafla 1.5.2 í tillögu framkvæmdaraðila eru talin upp helstu mannvirki fyrirhugaðs álvers. Skipulagsstofnun telur að slík umfjöllun eigi að ná til allra meginþátta í þeirri framkvæmd sem Reyðarálf hf. leggur fram til mats á umhverfisáhrifum, svo bæði landfræðileg og efnisleg mörk matsins séu skýr. Þessvegna ætti umfjöllun um hafnaraðstöðu betur heima í umfjöllun um tengdar framkvæmdir. Í kafla 1.5.2 er ekki getið efnistöku og vatnsveitu. Að sama skapi er æskilegt að taka saman á sama stað hvaða framkvæmdir tilheyra hvorum áfanga, en vikið er að því í kafla 1.5.5 í tillögu framkvæmdaraðila.

Á mynd 4 í tillögu framkvæmdaraðila vantar skýringar á lóðarmörkum og leiðréttu þarf merkingu urðunarsvæðis fyrir kerbrot. Í matsskýrslu þarf einnig að sýna á uppdráttum og myndum afstöðu og staðsetningu annarra þátta framkvæmdanna, s.s. vatnsöflun og efnistöku.

Á mynd 5 í tillögu framkvæmdaraðila er sýnt flæðirit fyrir framleiðsluferli í álveri. Skipulagsstofnun mælir með að upplýsingar um mengunarefni komi fram þar sem getið er um útblástur, úrgang og kerbrot.

Í tillögu framkvæmdaraðila, kafla 1.6.1, er fjallað stuttlega um vinnubúðir við Hraun. Auk þess sem þar er tilgreint að fjallað verði um í matsskýrslu, bendir Skipulagsstofnun á að skýra þarf hvort fyrirhugað er að láta vinnubúðirnar standa fram yfir byggingu annars áfanga álversins. Þá þurfa að koma fram upplýsingar um stærð og umfang búðanna.

Skipulagsstofnun tekur undir framkomnar athugasemdir Vegagerðarinnar um að leggja þurfi fram í matsskýrslu áætlun um magn þungaflutninga um þjóðvegakerfið á framkvæmda- og rekstartíma álvers og sundurliðun á leiðir. Einnig þarf að leggja fram upplýsingar um hvernig nýir vegir, s.s. vegir að álveri og efnistökusvæðum, tengjast þjóðvegum.

Í tillögu framkvæmdaraðila, kafla 4.3 kemur fram að framkvæmdaraðili muni miða mörk mengunarefna í útblæstri við PARCOM og MACT. Í viðbótargögnum

framkvæmdaraðila dags. 3. ágúst 2000 segir að mikil vinna eigi eftir að fara fram áður en niðurstaða fáiast um það hvaða gildi verði miðað við í útblæstri álversins. Þær veðurmælingar sem fram hafa farið og enn séu í gangi ásamt niðurstöðum úr þeim loftdreifireikningum sem gerðir verði á næstu mánuðum verði grundvöllur að þeirri ákvörðun. Skipulagsstofnun vísar til úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins frá 10. desember 1999 um umhverfisáhrif álvers á Reyðarfirði og framkominn athugasemda nú um að eðlilegt kunni að vera að magn útblásturs frá álveri á Reyðarfirði taki mið af strangari viðmiðum en PARCOM. Koma þarf skýrt fram í matsskýrslu hvaða hámarksörk framkvæmdaraðili er reiðubúinn að miða við varðandi útblástur mengunarefna.

Tengdar framkvæmdir

Fjallað er um Noral-verkefnið og tengdar framkvæmdir í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í köflum 1.1, 1.5.2 og 1.5.7.

Í kafla 1.5.6 kemur fram að orkuþörf 1. áfanga álvers sé 3.900 GWst/ári og 1. og 2. áfanga 5.900 GWst/ári. Skipulagsstofnun tekur undir framkomnar ábendingar um nauðsyn þess að í matsáætlun og matsskýrslu komi fram hve mikil orka fáiast til álversins frá Kárahnjúkavirkjun og hvort þörf sé fyrir aðrar virkjanir vegna álversins.

Á það hefur verið bent að meta eigi sameiginlega umhverfisáhrif álversins og tengdra framkvæmda. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum getur umhverfisráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við framkvæmdaraðila, ákveðið að umhverfisáhrif framkvæmda skuli metin sameiginlega, þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði.

Fyrir liggur úrskurður skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum um mat á umhverfisáhrifum um lagningu Fljótsdalslína 3 og 4 frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar. Sá úrskurður er nú til kærmeðferðar hjá umhverfisráðherra. Í eldri lögum var ekki stöð fyrir því að krefjast þess að tengdar framkvæmdir væru metnar í einu heildarmati. Það hefur verið álit Skipulagsstofnunar að slíkt heildarmat myndi stuðla að markvissari vinnubrögðum og umræðu um fyrirhugaðar framkvæmdir af þeirri stærðargráðu sem álver við Reyðarfjörð, virkjanaframkvæmdir og lagning háspennulína eru. Í ljósi þess beindi Skipulagsstofnun þeim tilmælum til framkvæmdaraðila í september 1999 að mat á umhverfisáhrifum nýrrar hafnar við fyrirhugað álver í Reyðarfirði og háspennulínu að álverinu yrði auglýst samtímis og mat á umhverfisáhrifum álversins. Jafnframt að auglýst yrði á sama tíma mat á umhverfisáhrifum jarðgufuvirkjunar við Bjarnarflag sem þá var talin nauðsynleg forsenda fyrir 1. áfanga álvers. Við þessu var ekki orðið og bent á að um aðra framkvæmdaraðila væri að ræða.

Þótt bygging Kárahnjúkavirkjunar sé nátengd byggingu álvers á Reyðarfirði og hvor framkvæmdin um sig háð hinni er að mati Skipulagsstofnunar ekki hægt að líta svo á að um framkvæmdir á sama svæði sé að ræða og því ekki rök fyrir því að með mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna verði farið samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun mun hins vegar beina þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að mat á umhverfisáhrifum álvers, Kárahnjúkavirkjunar og hafnar verði til umfjöllunar um sama leyti og er allt útlit fyrir að svo geti orðið miðað við áætlanir. Með því að upplýsingar um framkvæmdirnar og umhverfisáhrif þeirra liggi fyrir og séu til umfjöllunar á sama tíma gefast betri möguleikar á unnt verði að bera saman jákvæð og neikvæð áhrif framkvæmdanna í heild.

Framkvæmdasvæði

Fjallað er um framkvæmdasvæði og því lýst í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í köflum 1.7., 4.11 og 4.14.

Í lýsingu á framkvæmdasvæði í matsskýrslu þarf auk þess sem tilgreint er í köflum 1.7 og 4.11 í tillögu framkvæmdaraðila að gera grein fyrir byggð og helstu atvinnuvegum á Reyðarfirði.

Í kafla 4.14 er sagt frá fyrirhuguðum grunnlínurannsóknum. Ekki kemur fram hvert fyrirkomulag þeirra verður eða hvort þær verða hafnar í ár. Í matsskýrslu þarf að koma fram lýsing á mælistöðum, mælitíma og fjölda mælinga.

Upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum

Fjallað er um skipulag og samræmi framkvæmdar við skipulagsáætlanir í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í köflum 1.5.1, 1.7.1 og 3.

Skipulagsstofnun bendir á að leiðrétta þarf umfjöllun um gildandi skipulagsáætlanir og samræmi framkvæmdar við þær. Hið rétta er að í núgildandi Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 var fallið frá fyrri áformum um iðnaðarsvæði við Hraun. Rétt er hinsvegar að unnið er að breytingum á gildandi aðalskipulagi Reyðarfjarðar til samræmis við núverandi áform um byggingu álvers. Það iðnaðarsvæði sem nú er stefnt að við Hraun er stærra en það iðnaðarsvæði sem áður var gert ráð fyrir á sama svæði í eldra aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Áætlun um á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis verður lögð áhersla við mat á umhverfisáhrifum

Athuganir á lífríki sjávar og hafstraumum

Í tillögu framkvæmdaraðila, köflum 4.7, 5.2.3 og 5.2.4, er fjallað um fyrirhugaðar athuganir á lífríki sjávar og mælingar á straumum í Reyðarfirði. Einnig kemur fram í kafla 5.2.3 að í sumar verði fundið bakgrunnsgildi PAH í sjó.

Hafrannsóknarstofnunin gerir athugasemdir við umfjöllun tillögu framkvæmdaraðila um athuganir á lífríki sjávar og hafstraumum. Stofnunin telur lýsingar á rannsóknum ófullnægjandi og leggur áherslu á að fullu mati á umhverfisáhrifum verði ekki lokið nema til komi rannsókn á ýmsum mikilvægum þáttum sem ná yfir a.m.k. heilan ársferil.

Í viðbótarupplýsingum framkvæmdaraðila dags. 3. ágúst 2000 er gerð frekari grein fyrir fyrirhuguðum rannsóknum á lífríki sjávar og hafstraumum. Skipulagsstofnun gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við þær rannsóknaráætlanir sem þar er lýst.

Umhverfisáhrif rafskautaverksmiðju

Fjallað er um útblástur frá rafskautaverksmiðju og fyrirhugaðar mengunarvarnir í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í köflum 1.5.4, 2.2, 4.3 og 4.4 og í viðbótarupplýsingum framkvæmdaraðila dags. 3. ágúst 2000.

Skipulagsstofnun tekur undir fram komnar ábendingar um umfjöllun um mengunarefni

frá fyrirhugaðri rafskautaverksmiðju. Skipulagsstofnun telur að ítarlegri grein hefði átt að gera fyrir þessu í matsáætlun og að í matsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir hvaða mengunarefni koma frá starfsemi rafskautaverksmiðju, magni þeirra og eiginleikum, áhrifum á umhverfið og kostum varðandi mengunarvarnir ásamt því að skýra hvaða mengunarvarnir eru fyrirhugaðar.

Umhverfisáhrif kerbrotaförgunar

Í tillögu framkvæmdaraðila, kafla 1.5.4 og 4.9, er vikið að förgun kerbrota og viðbúnaði vegna mengunar frá henni.

Skipulagsstofnun telur að ítarlegri grein hefði átt að gera fyrir þessu í matsáætlun og að í matsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir hvaða mengunarefni koma frá frárennsli kerbrotagryfju, magni þeirra og eiginleikum, áhrifum á umhverfið og hvaða alþjóðlegir staðlar verði hafðir sem viðmið og hver þau eru.

Loftmengun

Fjallað er um útreikninga á dreifingu loftmengunar í tillögu framkvæmdaraðila, köflum 4.4 og 5.2.2, og í viðbótarupplýsingum framkvæmdaraðila dags. 3. ágúst 2000. Í tillögu framkvæmdaraðila, kafla 4.8, er vikið að mati á umhverfisáhrifum PAH útblásturs.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Veðurstofu Íslands um að vegna aðstæðna í Reyðarfirði sé æskilegt að útreikningar á dreifingu loftmengunar verði miðaðir við eftirfarandi aðstæður, auk þeirra aðstæðna sem lýst er í tillögu framkvæmdaraðila: Brennisteinstvíoxíð, svifryk og PAH yfir hásumarið (júní-ágúst) eða fyrir sumarhelming ársins (apríl-september). Skipulagsstofnun veur einnig athygli á ábendingu Veðurstofu Íslands varðandi útreikninga á hæsta klukkustundargildi brennisteinstvíoxíðs m.t.t. svælingar (fumigation).

Skipulagsstofnun veur ennfremur athygli á niðurstöðum úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins frá 10. desember 1999 um umhverfisáhrif álvers á Reyðarfirði varðandi útreikninga á loftmengun m.t.t. $0,2 \text{ ug/m}^3$ langtímagildis fyrir flúoríð. Skipulagsstofnun telur að taka þurfi tillit til þessarar niðurstöðu við mat á umhverfisáhrifum nú.

Í tillögu framkvæmdaraðila, kafla 4.2, er vikið að útblæstri gróðurhúsalofttegunda frá álverinu og samræmi hans við stefnu stjórnvalda. Við frumathugun álvers í Reyðarfirði árið 1999 kom fram í svari umhverfisráðuneytisins við fyrirspurn Skipulagsstofnunar að bygging fyrirhugaðs álvers gengi ekki gegn stefnu Íslands gagnvart rammasamningi SÞ um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókuninni. Hins vegar er ljóst að losun gróðurhúsalofttegunda frá álverinu er umtalsverð og tekur Skipulagsstofnun undir framkomnar athugasemdir um að greina þurfi frá því í matsskýrslu hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá álverinu.

Mengun sjávar

Fjallað er um mengun sjávar í köflum 4.5 og 4.7 í tillögu framkvæmdaraðila og í viðbótarupplýsingum framkvæmdaraðila dags. 3. ágúst 2000.

Skipulagsstofnun telur að ítarlegri grein hefði átt að gera fyrir þessu í matsáætlun og að í matsskýrslu verði að gera ítarlega grein fyrir hvaða mengunarefni koma frá frárennsli, magni þeirra og eiginleikum, áhrifum á umhverfið og hvaða kröfur verði hafðar til

viðmiðunar. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu skuli kynnt tillaga að þynningarsvæði frárennslis í sjó og að tillagan verði unnin í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Áhrif á hljóðvist

Í tillögu framkvæmdaraðila, köflum 4.10 og 5.2.7, er vikið að áhrifum á hljóðvist. Fram kemur að fyrra mat á áhrifum á hljóðstig verði endurskoðað.

Að mati Skipulagsstofnunar á í matsáætlun að lýsa því hvernig staðið verður að slíku mati. Þar sem það hefur ekki verið gert, er því beint til framkvæmdaraðila að leggja áætlun um slíkt mat fyrir Hollustuvernd ríkisins til athugasemda á meðan á vinnslu matsskýrslu stendur.

Áhrif á samfélag

Í tillögu framkvæmdaraðila, köflum 1.5.8 og 1.6.3 er fjallað um mannaflapörf. Í kafla 4.12 er lýst fyrirhuguðum samfélagslegum athugunum. Í kafla 4.13 sagt frá fyrirhuguðum þjóðhagslegum athugunum.

Skipulagsstofnun vekur sérstaka athygli á að upplýsingar um fjölda starfa við byggingu álversins og rekstur þess eru nauðsynleg forsenda allrar skipulagsvinnu í sveitarfélögum á Mið-Austurlandi. Sama gildir um áætlanir um fjölda, eðli og staðsetningu afleiddra starfa. Nauðsynlegt er að kynna þessar upplýsingar og niðurstöður samfélagslegra athugana jafnóðum fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

Skipulagsstofnun vekur sérstaka athygli á umsögn Byggðastofnunar dags. 16.júní 2000 um drög að tillögu að matsáætlun sem fylgdi umsögn stofnunarinnar um endanlega tillögu framkvæmdaraðila, þar sem bent er á nauðsyn þess að meta stöðu álversins á samkeppnismarkaði um vinnuafli og áhrif fjölda og skiptingu starfsfólks á byggðarlögin og á atvinnusvæði álversins. Ennfremur er vakin athygli á umsögn Austur-Héraðs um samhengi iðnaðaruppbyggingar og sjálfbærrar samfélagsþróunar á Austurlandi.

Skipulagsstofnun bendir á 12. tl. úrskurðarorða í úrskurði skipulagsstjóra ríkisins frá 10. desember 1999 um umhverfisáhrif álvers á Reyðarfirði. Þar kemur fram að meta þurfi frekar jákvæð áhrif framkvæmdanna á byggð, áhrif á byggðir á Austurlandi utan Mið-Austurlands, varanleika áhrifa á fólksfjöldaþróun og áhrif á vinnuafli í atvinnuvegum sem fyrir eru á svæðinu. Skipulagsstofnun vekur einnig athygli á framkomnum athugasemdum um að í matsskýrslu verði fjallað um vægi álversins í atvinnulífi á svæðinu m.t.t. hugsanlegs samdráttar í rekstri þess vegna ytri aðstæðna.

Skipulagsstofnun bendir á að ekki kemur fram í 5. kafla um viðbótarrannsóknir, hvort gerðar verði frekari samfélagslegar athuganir þótt ráða megi af umfjöllun í kafla 4.12 að svo verði gert þar sem að við mat á umhverfisáhrifum verði að hluta stuðst við fyrri athuganir.

Áhrif á landnotkun

Ekki er í tillögu að matsáætlun fjallað sérstaklega um áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun. Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum byggingar og reksturs álvers á landnotkun. Gera þarf grein fyrir þeim takmörkunum sem bygging álversins kann að hafa á landnotkun s.s. vegna þynningarsvæða á sjó og landi, vatnsnotkunar, efnistöku og mannvirkjagerðar. Einnig þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á þörf fyrir ný íbúðar- og atvinnusvæði, hvar liggja fyrir áform um slíkt, hvar þeirra verður helst þörf og hvaða möguleikar eru fyrirsjáanlegir.

Áhrif á landslag og sjónræn áhrif

Í kafla 4.15 er stuttlega vikið að því að umhverfisáhrif efnistöku og fyllinga verði metin. Í kafla 4.18 segir að sjónræn áhrif verði metin.

Að mati Skipulagsstofnunar á í matsáætlun að lýsa því hvernig staðið verður að slíku mati. Þar sem það hefur ekki verið gert, er því beint til framkvæmdaraðila að leggja áætlun um slíkt mat fyrir Skipulagsstofnun til athugasemda á meðan á vinnslu matsskýrslu stendur.

Áætlun um kynningu og samráð

Í 6. kafla tillögu framkvæmdaraðila er fjallað um kynningu og samráð.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar um að vanda þurfi vel til kynninga á vinnsluferli matsskýrslu. Stofnunin leggur áherslu á nauðsyn þess að kynna jafnóðum upplýsingar og niðurstöður fyrir hlutaðeigandi aðilum. Það á einnig við um endurskoðaðar niðurstöður þegar þær liggja fyrir.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Vegagerðarinnar um að við ákvarðanir um tilhögun framkvæmda og vinnslu matsskýrslu um umhverfisáhrif þeirra verði haft samráð við Vegagerðina um efnistöku og vegagerð vegna framkvæmdanna.

Vikið er að samráði við ýmsa aðila um samfélagslegar athuganir í kafla 4.12. Skipulagsstofnun leggur áherslu á nauðsyn þess að upplýsingar og niðurstöður samfélagslegra athugana verði kynntar jafnóðum fyrir hlutaðeigandi aðilum og sveitarstjórnnum á svæðinu. Til þess að sveitarfélögin á svæðinu geti markað sér stefnu og undirbúið þann hluta sem að þeim snýr er mikilvægt að þau séu á hverjum tíma upplýst um áætlanir og stöðu mála.

Annað

Skipulagsstofnun vekur athygli á ákvæðum 15. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum um að framkvæmdaraðila sé heimilt að vinna matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu og starfsleyfi. Í tillögu framkvæmdaraðila, kafla 1.2, segir að stefnt sé að því að hefja ferli vegna umsóknar um starfsleyfi haustið 2000 samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur æskilegt að mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi verði unnið samhliða.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu verði helstu hugtök sem fram koma í skýrslunni skýrð á aðgengilegan hátt, s.s. græn rafskaut, LPG gas, Hall-Hérault rafgreiningaraðferð, HAL 250, BAT, PARCOM, MACT.

Að öðru leyti telur Skipulagsstofnun að allt efni tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, sem og það efni sem þar er tilgreint að fram muni koma í matsskýrslu, skuli koma fram í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði. Einnig er Reyðarálf hf. hvatt til að kynna sér efni þeirra umsagna og athugasemda sem Skipulagsstofnun bærust við umfjöllun um tillögu að matsáætlun.

Stefán Thors

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Samrit:

Fjarðabyggð

Austur-Hérað

Norður-Hérað

Náttúruvernd ríkisins

Byggðastofnun

Ferðamálaráð

Hafrannsóknastofnun

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Hollustuvernd ríkisins

Landgræðsla ríkisins

Siglingastofnun Íslands

Skógrækt ríkisins

Veðurstofa Íslands

Vegagerðin

Veiðimálastjóri

Veiðistjóraembættið

Þjóðhagsstofnun

Þjóðminjasafn Íslands

Afrit:

Hjörleifur Guttormsson

Kolbrún Halldórsdóttir

Landvernd

Tómas Gunnarsson